

11. Mars 1982?

Kvennaathvörf hafa verið starfrækt víða, t.d. á Norður- löndunum, Bretlandi og í U.S.A., og hefur það sýnt sig að brýn þörf hefur verið á þeim.

Hugtakið kvennaathvarf/Neyðarathvarf, má skilgreina sem stað fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi, líkamlegu og/eða and- legu. ^{staður} Jafnframt sem þær geta fengið hjálp, stuðning, ráðgjöf og húsaskjól þegar þeim er hætta búin. Reynslan sýnir að slíkur staður er geysilega mikilvægur konum sem verða fyrir ofbeldi. Það álag og sú niðurlæging sem slíkt veldur er oft svo yfir- þyrmandi að kvennaathvarf getur verið eina lausnin til að byggja upp sjálfsvirðinguna og endurvekja lífslöngunina. *

Samtök um Kvennaframboð telja að markmið kvennaathvarfs sé:

1. Að veita skyndihjálp fyrir konur sem er hætta búin.
2. Að gera sýnilegt það ofbeldi sem konur eru beittar í þjóðfél- aginu í dag, ekki minnst í þeim tilgangi að fórnarlömbin geri sér grein fyrir að þær eru alls ekki einar, og að ofbeldi gagnvart konum sé ekkert einkamál.
3. Gera opinbera aðila meira vakandi fyrir þessu alþjóðlega vanda- máli sem alltaf hefur verið pagað yfir, í þeim tilgangi að gera úrbætur og fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Samtök um Kvennaframboð álíta að varast beri að athvarfið fái á sig stofnanasvip. Eskilegt er að þarna starfi konur sem m.a. geta veitt ráðgjöf varðandi lagalegu hliðina og konur sem geta miðlað af reynslu sinni. (taka þar vaktir)

Vanda ber val húsnæðis. ^{slétt} [það skal vera stórt, hlíflegt og bjart.] Gengið skal út frá því að stór hluti þeirra kvenna sem athvarfið sækja séu meður ungra barna og skal húsnæðið einnig miðað við þarfir þeirra.

Samtök um kvennaframboð telja eðlilegt að athvarfið verði staðsett á Stór-Reykjavíkursvæðinu og skulu opinberir aðilar standa straum af rekstri þess.

* Komum á þeim málum hér á landi sýni að það er víðar að brýn þörf er fyrir slíkt athvarf hér líka.